



13. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn í Þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík 25.nóvember 2016

Mætt eru: Haukur Valtýsson (HV), Örn Guðnason (ÖG), Hrönn Jónsdóttir (HrJ), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Björn Grétar Baldursson (BGB), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ) og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ. Gunnar Gunnarsson (GG) tekur þátt í gegnum fjarfundarbúnað.

Forföll boðuðu: Helga Jóhannesdóttir (HeJ), Þorgeir Örn Tryggvason (ÞÖT) og Kristinn Óskar Grétuson (KÓG)

- 1. Heimsókn frá stjórn FÁÍA:** Stjórn FÁÍA fór yfir starf félagsins hingað til en því miður hefur illa gengið að halda starfinu gangandi nú í ár. FÁÍA lýsir yfir áhuga á auknu samstarfi á milli UMFÍ og FÁÍA og veltir fyrir sér möguleikum. RH, HrJ og Ragnheiður Sigurðardóttir starfsmaður skipuð í starfshóp til að velta upp möguleikum á samstarfi, framkvæmdastjóra falið að skrifa erindisbréf starfshópsins.
- 2. Undirritun samnings um Landsmót UMFÍ 50+ 2017 í Hveragerði:** Friðrik Sigurbjörnsson formaður menningar- íþróttá- og frístundarnefndar Hveragerðisbæjar, Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri, Guðríður Aadnegard formaður HSK og Jóhanna M. Hjartardóttir menningar- og tómstundarfulltrúi Hveragerðis komu í heimsókn, undirritaður var samstarfssamningur HSK, UMFÍ og Hveragerðisbæjar um Landsmót UMFÍ 50+ 2017.
- 3. EUF:** Anna Möller forstöðumaður EUF kom inná fundinn. Útlit er fyrir að öllu styrkfé verði útteilt eftir síðasta umsóknarfrest, sem er fagnaðarefni. Rekstur skrifstofunnar er þungur og ljóst er að grípa þarf til aðgerða þrátt fyrir auka fjármögnun að upphæð 3.000.000.- kr. vegna ársins 2016 frá Ríkisstjórn Íslands. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir endurskoðun samningsins við Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- 4. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra:** AIP fór yfir starfsemi UMFÍ síðan á síðasta fundi.
 - a. Fundir og heimsóknir: nokkrir fundir hafa verið haldnir með starfsfólki Mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna ýmissa verkefna UMFÍ.
 - b. Ráðinn hefur verið nýr starfsmaður í 50% starf hjá Æskulýðsvettvangnum (ÆV); Sema Erla Serdar. Hjá ÆV hefur einnig verið unnið að því að gera samning um erindi varðandi fyrstu aðstoð í eineltismálum. Einnig er þar unnið að því að skipa fagfólk í fagråd vegna kynferðisbrotamála.
 - c. Verkefni: Stefnt er að opnun Felix þann 1. desember nk. „Sýnum karakter“ með hádegisfundi og ráðstefnu á Akureyri. Samnorrænt verkefni um flóttafólk, „Sýndu hvað í þér býr“ haldið á nokkrum stöðum um landið, niðurstöður ánægjuvogar eru ánægjulegar.
 - d. Ráðinn hefur verið afleysingastarfsmaður vegna fæðingarorlofs; sem hefur störf 1. desember nk.

- e. Farin var ferð til Danmerkur til að kynna sér starf Lýðháskóla og var ferðin vel heppnuð.
- f. 5. desember er dagur sjálfboðaliðans. 1. desember nk. er afmælisráðstefna EUF.

5. Fjármál – farið yfir stöðu fjármála fyrstu 10 mánuði ársins, rekstrarniðurstaða er jákvæð og í samræmi við áætlun. HV leggur fram tillögu að ráðstöfun afmælisgjafar frá Íslenskri Getspá, ákveðið er að úthluta 11.000.000.- kr. í eftirtalin verkefni sem nýtast munu öllum sambandsaðilum:

- a. Skjalavistunarkerfi
- b. Betra félag - samvinnuverkefni UMFÍ og ÍSÍ
- c. Danmerkurferð á Landsmót DGI
- d. Þátttaka í rannsóknarverkefnum.

6. Laugar í Sælingsdal – Farið yfir samninga UMFÍ við Dalabyggð vegna reksturs og leigu á húsnæði á Laugum. Ákveðið er að RH, AIP, GS og Baldur Daníelsson sitji í starfshóp sem fara skal yfir rekstur, rekstrarumhverfi og framtíðarskipan Ungmenna- og tómstundabúða UMFÍ.

7. Fundardagskrá næsta árs og staðsetningar. Næsti fundur ákveðinn 3. febrúar, lögð verði fram ársáætlun til samþykktar þar.

8. Önnur mál:

- a. **Bréf frá Forseta Íslands:** Í tilefni dags sjálfboðaliðans býður Forseti Íslands til samsætis á Bessastöðum mánudaginn 5. desember. Ákveðið er að bjóða formönnum aðildarféлага eða fulltrúa þeirra.
- b. **Bréf frá Forseta Íslands:** Nýkjörinn forseti Íslands þekktist boð hreyfingarinnar um að gerast verndari UMFÍ.
- c. **Erindi frá USVS:** Erindinu hafnað.
- d. **Stefna UMFÍ með athugasemdum:** Aðallega bærust smávægilegar málfarsvillur sem AIP er falið að laga.
- e. **Uppfærsla á skráningarkerfi fyrir Landsmót:** Umræða um hvernig skráningakerfið þróast og hvort gera þurfi breytingar á því fyrirkomulagi sem hefur verið notað.
- f. **Skjalaskráningakerfi:** Nokkur tilboð hafa borist í kerfi. Framkvæmdastjórn er falið að ganga frá málunum.
- g. **Umhverfissjóður UMFÍ:** HV hefur áhuga á að stækka Umhverfissjóð Pálma Gíslasonar og biður stjórnarmenn að hugleiða það með hvaða hætti efla mætti sjóðinn.
- h. **Umbun til sjálfboðaliða:** Umræður um möguleika á því að kaupa merktan fatnað fyrir sjálfboðaliða UMFÍ. Einnig áhugi fyrir því að gera meira úr degi sjálfboðaliðans í framtíðinni. Framkvæmdastjóra falið að taka saman hugmyndir.

**Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 23.20
HrJ ritaði fundargerð.**